

ÁRSSKÝRSLA

STÍGAMÓTA

1994

STÍGAMÓT

Vesturgötu 3, Reykjavík

Sími 562 68 68

Við tölulegar úrvinnslu þessarar skýrslu nutum við ómetanlegrar aðstoðar starfsmanna Íslenskra markaðsrannsóknna. Við færum þeim okkar bestu þakkir.

Ársskýrsla Stígamóta árið 1994

Stofnun og markmið Stígamóta

Hinn 8. mars 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna.

Forsaga þessarar samstöðu var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi, sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin snérist ekki um hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Markmið samtakanna var því að koma á ráðgjöf og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem verða fyrir kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990. Í ár höldum við því upp á 5 ára starfsafmæli.

Rekstur og skipulag Stígamóta

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir allir markast af því. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Við ráðningu starfskvenna er tekið mið af því hvort þær hafi sjálfar orðið fyrir kynferðisofbeldi eða hafi langa reynslu af starfi með konum, sem fyrir því hafa orðið. Menntun ein og sér tryggir ekki góðan skilning á vanda þolenda kynferðisofbeldis. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra, sem þangað leita.

Sérstakur framkvæmdahópur, skipaður fulltrúum frá sjálfboðaliðahópunum fjórum, sem nefndir voru að framan, ásamt fulltrúa starfskvenna, tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir

og stjórn á fjármálum Stígamóta. Tekjur Stígamóta eru opinberir styrkir frá ríki og nokkrum sveitarfélögum, styrkir frá einstaklingum og fyrirtækjum svo og eigin fjáröflun. Samkvæmt endurskoðuðum reikningum ársins 1993 var rekstrarkostnaður Stígamóta það ár rúmlega 12 miljónir króna.

Á árinu voru fimm starfskonur í föstu hlutastarfi á Stígamótum í sem svarar þremur stöðugildum. Fastir starfsmenn Stígamóta á árinu voru Bergrún Sigurðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Heiðveig Ragnarsdóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir og Theódóra Þórarinsdóttir. Heiðveig Ragnarsdóttir lét af störfum á árinu og í hennar stað var ráðin Áshildur Bragadóttir.

Auk fastra starfskvenna vann fjöldi kvenna ólaunuð störf á skrifstofunni á álagstímum. Allt starf leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum svo og fræðslu- og kynningarstarf var unnið utan fasts vinnutíma.

Starfshættir

Einstaklingsbundin ráðgjöf

Fólk á öllum aldri leitar til Stígamóta, konur, karlar, unglingar og börn, sem orðið hafa fyrir nauðgunum og/eða kynferðisofbeldi í bernsku. Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja það í orð eru fyrstu skrefin í þá veru að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þolenda. Þolendur ráða sjálfir ferðinni, hve mikinn stuðning þeir vilja og í hve langan tíma. Margir þolendur velja að taka þátt í sjálfshjálparhóp eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf. Stuðningur og ráðgjöf starfskvenna Stígamóta er ekki eingöngu bundinn við þolendur kynferðisofbeldis. Hún nær líka til aðstandenda þolenda, óski þeir þess.

Við höfum orðið ápreifanlega varar við það í starfi Stígamóta hversu miklum erfiðleikum það er bundið fyrir fólk, sem býr úti á landi, að leita sér aðstoðar vegna afleiðinga kynferðisofbeldis, sem það hefur verið beitt. Ótrúlega margir láta þó ekki fjarlægðina frá höfuðborginni aftra sér frá því að leita sér aðstoðar á Stígamótum. Sumir gera sér ferð í bæinn og aðrir nota símann. Í ljósi þessa höfum við reynt að stuðla að því með fræðslu og námskeiðahaldi að koma á sjálfshjálparhópum þolenda kynferðisofbeldis úti á landsbyggðinni. Nokkrir slíkir hópar eru

starfandi úti á landi. Það eru þolendur sjálfir, sem sjá um rekstur hópanna, en þær eru jafnframt í nánum tengslum við starfsemi Stígamóta. Starfskonur Stígamóta veita ekki aðeins persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma. Að jafnaði er tekið á mót 20 til 30 símtölum á dag alla virka daga ársins. Um það bil 2/3 hluti þeirra eru ráðgjafarsímtöl vegna nýrra og eldri mála. Það er einkum fólk á landsbyggðinni sem notfærir sér þessa leið, bæði þolendur, aðstandendur þeirra og fólk í barnaverndarnefndum svo og kennarar og leikskólakennarar, sem hafa grun um að barn í þeirra umsjá kunnist að hafa verið beitt kynferðisofbeldi.

Eins og undanfarin ár veitti ein starfskona Stígamóta starfsfólki og vistmönnum á meðferðarheimili unglinga á Tindum vikulega ráðgjöf.

Þrjár starfskonur Stígamóta tóku þátt í Nordisk Forum í Åbo síðast liðið sumar og kynntu þar starfsemi Stígamóta.

Skrifstofa Stígamóta var opin milli kl. 9.00 og 19.00 alla virka daga eins og undanfarin ár.

Sjálfs hjálparhópar

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfs hjálparhópar verið kjarninn í starfseminni. Boðið er upp á hópa fyrir konur, sem beittar hafa verið sifjaspellum og nauðgunum. Þá starfa einnig sérstakir hópar fyrir unglingsstúlkur og ung börn svo og fyrir mæður þolenda sifjaspella. Reynslan af sjálfs hjálparstarfinu öllu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma konur saman til þess að deila hver með annari reynslunni af afleiðingum kynferðisofbeldis og sækja þangað styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sifjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi sem þessu er einangrun rofin, þar veita þátttakendur hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir þar í samskiptum þátttakenda.

Í hverjum sjálfs hjálparhópi eru að jafnaði 5-6 konur og tveir leiðbeinendur. Leiðbeinendur eru konur, sem sjálfar hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og hafa unnið úr þeirri sáru reynslu. Hóparnir eru lokaðir og hittast í 15 skipti með leiðbeinendum á þriggja mánaða tímabili.

Árið 1994 störfuðu 24 sjálfs hjálparhópar á Stígamótum, fleiri en nokkru sinni fyrr.

Opið hús

Efnt hefur verið til fastra funda einu sinni í viku fyrir alla þá, sem tekið hafa þátt í sálshjálparhópum. Konurnar stjórna sjálfar þessum fundum og ákveða hvað þar er rætt.

8. mars 1994

Að frumkvæði Stígamóta stóðu fjölmörg samtök og félög kvenna að mjög fjölmennri göngu gegn kynferðislegu ofbeldi þann 8. mars 1994. Þær kröfur, sem settar voru fram í göngunni beindust að réttarkerfinu og slægri meðferð þess á kynferðisbrotamálum.

Orlofshús í Vopnafirði

Vorið 1994 bauð Vopnafjarðarhreppur Stígamótum og Kvennaathvarfi afnot á húsi í hreppnum til sumardvala fyrir þá sem leita aðstoðar Stígamóta og Kvennaathvarfs. Við viljum nota þetta tækifæri til að færa sveitastjórn Vopnafjarðar okkar bestu þakkir svo og öllum þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem að aðstoðuðu okkur við að búa húsið húsgögnum og munum, þannig að það yrði íbúðarhæft.

Úthátíðir

Eins og á undanförunum árum gengust Stígamót fyrir sérstöku átaki gegn nauðgunum í tengslum við útihátíðir um verslunarmannahelgi. Fimm starfskonur Stígamóta störfuðu á tveimur útihátíðum, í Vestmannaeyjum og Galtalæk. Eins og áður, kom í ljós að brýn nauðsyn var á þessari þjónustu, og veittu starfskonur 25 einstaklingum aðhlyningu, aðstoð og ráðgjöf. Ýmist var um að ræða eldri mál eða nauðganir sem áttu sér stað þá um helgina.

Reynt var að fá felld inn í leyfisveitingu fyrir úthátíðir að mótshaldarar sjálfir bæru kostnað af starfi Stígamóta á útihátíðum. Ekki fékkst það samþykkt í þetta sinn fremur en á fyrri árum. Dómsmálaráðuneytið veitti Stígamótum fjárstuðning til þess að standa straum af kostnaði samfara starfinu á útihátíðunum.

Fræðslu og upplýsingastarf

Námskeið og fræðslufundir

Á þeim 5 árum, sem Stígamót hafa starfað, hefur verið mikið um að starfskonur sinntu námskeiða- og fræðslustarfi. Beiðnir um námskeið og fræðslufundi um kynferðisofbeldi hafa borist víðs vegar að af landinu, oftast að frumkvæði skóla eða félagsmálaráða í byggðarlögum. Mörg félög hafa einnig falast eftir fræðsluerindum á fundum sínum og starfskonur hafa rætt um þessi mál við nemendur í efstu bekkjum nokkurra grunnskóla. Á árinu voru haldin 4 eins til tveggja daga námskeið um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess og 15 fræðsluerindi hjá ýmsum félagasamtökum.

Stígamót hafa einnig staðið fyrir sjálfsvarnarnámskeiðum. Markmið þeirra er annars vegar að kenna konum einföld líkamleg varnarviðbrögð ef á þær er ráðist og hins vegar að efla sjálfstraust kvenna. Á árinu voru haldin 3 sjálfsvarnarnámskeið og 6 kynningar á sjálfsvörn í skólum.

Talsverður fjöldi skólafólks úr efstu bekkjum grunnskóla, á framhalds- og á háskólastigi leitaði til Stígamóta vegna verkefna um kynferðisofbeldi, sem þau voru að vinna að. Þessir nemendur hafa bæði fengið kynningu á starfi Stígamóta, lesefni um málaflokkinn og ábendingar um frekari heimildir.

Neyðarmóttaka og Rannsóknarlögregla ríkisins

Neyðarmóttaka Borgarspítala

Eins og undanfarið ár gegndu konur frá Stígamótum útköllum vegna nauðgana í samvinnu við Neyðarmóttöku Borgarspítalans. Í maí síðast liðnum tilkynnti umsjónarlæknir Neyðarmóttökunar Stígamótakonum, að ekki væri lengur óskað eftir þjónustu þeirra við neyðarmóttökuna. Í kjölfar þessa reyndu Stígamótakonur hvað þær gátu að koma á áframhaldandi samstarfi en án árangurs. Í júní síðast liðnum lauk því samstarfi Stígamóta og Neyðarmóttöku. Þessi niðurstaða var okkur mikil vonbrigði. Það hefur verið og er skoðun okkar að þjónusta Neyðarmóttökunnar væri mun öflugri og betri með þátttöku okkar. Þolendur nauðgana, sem þangað leita, ættu með því fyrirkomulagi bæði kost á þjónustu fagfólks og stuðningskonu frá Stígamótum. Við hörmum mjög

þá óskiljanlegu ákvörðun Neyðarmóttökunnar að hafna samvinnu við Stígamót en eftir sem áður geta konur, að sjálfsögðu, leitað sér ráðgjafar og stuðnings hjá Stígmótum verði þær fyrir nauðgun.

Rannsóknarlögregla ríkisins og starf barnaverndanefnda

Á árinu varð nokkur breyting á málsmeðferð Rannsóknarlögreglu ríkisins og barnaverndanefnda á höfuðborgarsvæðinu, á vinnslu mála þar sem um er að ræða kærur eða grun um sífjaspell gegn börnum. Áður hafði meðferð slíkra mála verið í höndum svokallaðra sífjaspellateyma félagsmálastofnana, en í því áttu sæti starfsmenn stofnananna og fulltrúi Rannsóknarlögreglu ríkisins. Á fyrri hluta ársins gaf Rannsóknarlögregla ríkisins út starfsreglur um samvinnu hennar og annarra yfirvalda í kynferðisbrotamálum gegn börnum. Þar er meðal annars kveðið á um að öll rannsókn á kynferðisbrotamálum gegn börnum sé á ábyrgð lögreglu og ákærvalds. Þetta felur meðal annars í sér að það er lögreglan, sem ákvarðar, hvort kveðja skuli til mann með sérstaka kunnáttu í barnasálarfræði eða yfirheyrslusálarfræði til aðstoðar við skýrslutöku. Í kjölfar þessara breytinga efndu Stígamót til fundar með fulltrúum frá RLR og Félagsmálastofnun Reykjavíkur til þess að ræða um hvaða áhrif þessar breytingar hefði á starfsemi Stígamóta þegar í hlut eiga börn, sem leitað er með til okkar vegna vissu eða gruns um, að þau hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Á fundi þessum létu ofangreindir fulltrúar ótvírætt í ljós þá skoðun sína að Stígamót ættu ekki að koma nálægt slíkum málum á rannsóknarstigi þeirra þar sem starf okkar gæti "mengað" framburð barna. Við höfum því orðið að taka þann kost að beina þeim einstaklingum, sem til okkar leitar með börn sín, til RLR eða félagsmálastofnanna

Við teljum að þessi skipan mála sé að mörgu leiti afturför í meðferð kærumála vegna kynferðisofbeldis gegn börnum. Við höfum áhyggjur af því að með þessu séu börn og aðstandendur svipt mikilvægum stuðningi, sem þau nutu áður hjá Stígamótum, á þeim erfiða og sársaukafulla tíma, sem jafnan er samfara því að kæra og gefa skýrslu um það kynferðisofbeldi, sem börnin hafa verið beitt. Þessi tími, þegar áfallið, sem barnið og aðstandendur þess verða fyrir á rannsóknarstigi máls, er hvað mest, ríður á að þau njóti alls þess stuðnings sem hægt er að veita.

Jafnframt teljum við varasamt að starfsfólki barnaverndarnefnda sé með þessu fyrirkomulagi í raun skákað frá málunum á rannsóknarstigi þeirra.

Þessi skoðun okkar byggir á því að rannsóknarlögreglumenn, hversu færir, sem þeir kunna að vera í rannsóknarstarfi sínu, hafa ekki fengið neina sérstaka kennslu eða þjálfun í vinnu með börn við þessar kringumstæður. Okkur sýnist því þessi skipan mála síst vera gerð með hagsmuni barna að leiðarljósi.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar um ný mál árið 1994 og tölulegur samanburður mála síðast liðin þrjú ár

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að kynna þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilegar úrvinnslu í skýrslu þessari.

- *Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*
- *Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.*

Á árinu 1994 leituðu 346 nýir einstaklingar til Stígamóta, auk þess var 163 einstaklingum sem leituðu aðstoðar á fyrri árum veitt ráðgjöf. Heildarfjöldi einstaklinga sem leituðu til Stígamóta á árinu 1994 var því 509.



Heildarfjöldi einstaklinga sem leituðu til Stígamóta þau 5 ár, sem Stígamót hafa starfað er 1666 einstaklingar.

Í þeim tölulegu upplýsingum, sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 1994 og hins vegar er þar að finna samanburð á þremur síðustu starfsárum, en þann tíma hefur farið fram samræmd skráning tölulegra upplýsinga.

Tafla 1a) Fjöldi einstaklinga sem leitað hafa til Stígamóta síðast liðin 5 ár.

	Fj.	
	einstak. Fjöldi	Fj. viðtala Fjöldi
1990	250	503
1991	305	1066
1992	456	1395
1993	309	1816
1994	346	2142
	1666	6922

Tafla 1b) Fjöldi viðtala síðast liðin 5 ár.




Tafla 1a) sýnir fjölda einstaklinga sem leitað hafa til Stígamóta síðast liðin 5 ár. Súluritið sýnir annars vegar fjölda einstaklinga og hins vegar fjölda viðtala sem tekin eru á þessu 5 ára tímabili. Árið 1992 sker sig nokkuð úr hvað varðar fjölda einstaklinga er leituðu til Stígamóta. Við teljum að ágætur sjónvarpsþáttar á vegum Stöðvar 2, sem unnin var í samvinnu við Stígamót á haustdögum 1992, skýri aukna aðsókn að Stígamótum það ár. Það er reynsla okkar að jákvæð og yfirveguð fjölmiðlaumræða um kynferðisofbeldi auðveldi þolendum mjög að leita sér aðstoðar.

Tafla 2 Skipting þolenda eftir kyni þeirra.

	Fjöldi	Hlutf.
Konur	323	93,4%
Karlar	23	6,6%
	346	100%

Kyn þolenda




Töflurnar sýna svipað hlutfall karla og kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 1994 og á fyrri árum. Hlutfall kvenna hefur öll árin verið á bilinu 93,2% til 94,2%.

Tafla 3a) Ástæður þess að leitað er til Stígamóta.

	Fjöldi	Hlutf.
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	245	61,7%
Nauðgun og afleiðingar þeirra	117	29,5%
Grunur um sifjaspell	17	4,3%
Grunur um nauðgun	2	0,5%
Kynferðisleg áreitni	16	4,0%
	397	100%

Ástæður fyrir komu





Í töflu 3 a) má sjá hver ástæðan er fyrir komu þeirra er leituðu til Stígamóta árið 1994. Þegar ástæður þess að leitað er til Stígamóta eru flokkaðar eftir því kynferðisofbeldi, sem fólk hafði orðið fyrir verður samtalan 397 eins og tafla 3 a) ber með sér. Þetta skýrist af því að 51 þolandi hafði orðið fyrir bæði sifjaspellum og nauðgunum. Flestir leita vegna sifjaspella og afleiðinga þeirra eða 61,7%. Ástæða fyrir komu 117 einstaklinga er nauðgun sem þeir hafa orðið fyrir. Leitað var með 17 börn vegna gruns um að þau hefðu verið beitt sifjaspellum og var sá grunur staðfestur í 13 tilvikum.

Í tveimur tilvikum höfum við skráð að um grun um nauðgun sé að ræða. Ástæða þessa er sú að tvær konur, sem höfðu sofið ölvunarsvefni, leituðu aðstoðar á útihátíð um síðast liðna verslunarmannahelgi og töldu sig hafa grun um að þeim hefði verið nauðgað.

Í hópnum sem kemur vegna kynferðislegrar áreitni eru bæði börn, sem verða fyrir áreitni af hendi ókunnugra karla, og fullorðnar konur, sem urðu fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað.

Tafla 3 b) er samanburðartafla um ástæður þess að leitað er aðstoðar Stígamóta síðast liðin þrjú ár. Ekki er um marktækan mun að ræða milli ára um ástæður þess að leitað er.

Tafla 3b) Samanburður milli ára.




Tafla 4. Hverjir leita til Stígamóta í fyrsta viðtal?

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Þolanda	396	86,8%	290	93,9%	320	92,5%
Foreldra þolanda	0	0,0%	2	0,6%	1	0,3%
Móður þolanda	39	8,6%	15	4,9%	18	5,2%
Faðir	0	0,0%	0	0,0%	3	0,9%
Systkyni	14	3,1%	0	0,0%	0	0,0%
Eiginmann þolanda	0	0,0%	1	0,3%	2	0,6%
Vinkona	2	0,4%	0	0,0%	1	0,3%
Annað	5	1,1%	1	0,3%	1	0,3%
Samtals	456	100%	309	100%	346	100%

Í töflu 4 kemur fram að oftast eru það þolendur sjálfir sem koma í fyrsta viðtal. Í þeim tilvikum þegar annar en þolandi kemur í fyrsta viðtal eru það að jafnaði einhverjir nákomnir, oftast mæður ungra barna. Taflan sem er samanburðartafla milli ára sýnir að hlutfall þeirra, sem koma í fyrsta viðtal er mjög líkt milli ára.

Tafla 5a) Samanburður á aldri þolenda þegar leitað er og aldri þeirra þegar ofbeldið er framið.



Súluritið sýnir annars vegar aldur þolenda þegar leitað er til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 1994.

Tafla 5b) Aldur þolenda þegar leitað er.

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
0 til 4 ára	39	8,6%	13	4,3%	9	2,6%
5 til 9 ára	42	9,2%	22	7,3%	20	5,8%
10 til 16 ára	69	15,1%	60	19,9%	65	18,8%
17 til 19 ára	54	11,8%	34	11,3%	51	14,7%
20 til 29 ára	134	29,4%	87	28,8%	101	29,2%
30 til 39 ára	89	19,5%	49	16,2%	60	17,3%
40 til 49 ára	19	4,2%	27	8,9%	27	7,8%
50 til 59 ára	8	1,8%	8	2,6%	9	2,6%
60 ára og eldri	2	0,4%	2	0,7%	4	1,2%
	456	100%	302	100%	346	100%

Tafla 5 b) er samanburður milli ára um aldur þolenda þegar leitað er til Stígamóta. Talsverður munur er á fjölda barna á aldrinum eins til níu ára milli ára. Fæst börn eru á þessum aldri árið 1994 og skýringarnar á því eru væntanlega þær breytingar, sem gerðar hafa verið hjá RLR og barnaverndaryfirvöldum varðandi meðferð sífjaspellamála, sbr. umfjöllun um það í kaflanum um lögreglu og barnaverndarnefndir hér að framan.

Flestir, sem leita til Stígamóta öll árin eru á aldrinum 10-39 ára og er sú aldurskipting sambærileg frá ári til árs.

Tafla 5c) Aldur þolenda þegar ofbeldið er framið.

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
0 til 4 ára	133	29,2%	43	14,2%	42	12,1%
5 til 9 ára	176	38,6%	136	45,0%	154	44,5%
10 til 16 ára	104	22,8%	77	25,5%	93	26,9%
17 til 19 ára	17	3,7%	13	4,3%	25	7,2%
20 til 29 ára	15	3,3%	20	6,6%	13	3,8%
30 til 39 ára	6	1,3%	3	1,0%	5	1,4%
40 til 49 ára	1	0,2%	1	0,3%	1	0,3%
50 til 59 ára	1	0,2%	0	0,0%	0	0,0%
	453	99%	293	97%	333	96%

Í töflu 5 c) getur að líta samanburð á aldursdreifingu þolenda þegar að ofbeldið var framið. Öll árin kemur fram að megnið af ofbeldinu á sér stað fyrir 16 ára aldur þolenda. Árið 1992 er hlutfallið 90,6%, 1993 var það 84,7% og nú 1994 er hlutfallið 83,5%.

Heildartölur um fjölda þolenda ár hvert eru lægri en fjöldi þeirra sem leituðu. Ástæðan er sú að oft eiga þolendur erfitt með að tímasetja ofbeldið. Skýringin á þessu er sú að börn reyna eftir fremsta megni að gleyma því ofbeldi sem þau verða fyrir og það leiðir aftur til þess að fullorðnir þolendur eiga erfitt með að rifja upp nákvæmlega á hvaða aldri þeir voru þegar ofbeldið átti sér stað.


Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður þolenda.

Flestir þolendur, sem leituðu til Stígamóa árið 1994, eða 67,1% ólust upp hjá báðum foreldrum. Aðeins 14,1% ólust upp hjá öðru foreldri og sama hlutfall hjá móður og stjúpa. Þessar tölur eru mjög sambærilegar við fyrri ár.

60 þolendur eða 17,3% bjuggu við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Árið 1992 var þetta hlutfall 19,5% og 1993 er það 16%. Það vekur athygli hversu svipað hlutfall þolenda ár hvert hafa verið beittir líkamlegu ofbeldi í bernsku.

Tafla 6. Hjúskaparstaða þolenda.

	Fjöldi	Hlutf.
Einhleyp	107	30,9%
Í sambúð	49	14,2%
Gift	54	15,6%
Er að skilja	16	4,6%
Fráskilin	39	11,3%
Ekkja	1	0,3%
Barn innan 16 ára	80	23,1%
	346	100%



Hlutfallslega eru fleiri einhleypir árið 1994 en fyrri ár. Árið 1992 voru 27,2% einhleypir en 1993 25,3%. Að öðru leyti eru tölur varðandi hjúskaparstöðu þolenda mjög sambærilegar við fyrri ár.

Árið 1992 höfðu 74 konur eða 16,2% búið við ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Árið 1993 voru konurnar 45 eða 15% og árið 1994 höfðu 41 kvennanna eða 11,8% búið við ofbeldi í hjúskap sínum eða sambúð.

Aftur vekur það athygli hversu svipað hlutfall kvennanna er milli ára, sem hefur sætt líkamlegu ofbeldi í sambúð eða hjúskap.

Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna, sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.


Fjöldi barna þolenda.

Meirihluti þolenda, sem leituðu til Stígamóta árið 1994, eða 61% á ekki börn. Í því sambandi verður að hafa í huga að rúmlega 1/4 þeirra, sem leita eru sjálf börn innan 16 ára aldurs, samanber töflu 5 b).

Tafla 7 Menntun og atvinna þolenda.

	Fjöldi	Hlutf.
Innan við skólaaldur	14	4,0%
Er í skyldunámi	72	20,8%
Er í framhaldsnámi	50	14,5%
Er í háskólanámi	11	3,2%
Lokið skyldunámi	120	34,7%
Lokið menntaskóla	37	10,7%
Lokið háskólanámi	13	3,8%
Lokið öðru sérnámi	16	4,6%
Lauk ekki skyldunámi	13	3,8%
	348	100%

	Fjöldi	Hlutf.
Afgreiðslustörf	24	6,9%
Atvinnulaus	27	7,8%
Atvinnurekandi	6	1,7%
Au-pair	1	0,3%
Barn	17	4,9%
Fóstra	7	2,0%
Húsmóðir	27	7,8%
Iðnl. starfsmaður	7	2,0%
Kennari	5	1,4%
Nemi	126	36,4%
Ritari	5	1,4%
Sérfræðingastarf	7	2,0%
Sjúkraliði	6	1,7%
Skrifstofustarf	24	6,9%
Starfsm. á meðferðaheimili	3	0,9%
Verkakona	40	11,6%
Öryrki	9	2,6%
Ekki vitað	5	1,4%
	346	100%




Töflurnar og súluritið hér að ofan sýna að bæði starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þolenda er margbreytilegur. Tölur ársins 1994 sýna að 4% þolenda eru innan við skólaaldur, 38,5% þolenda eru við nám þegar leitað er til Stígamóta. Tæplega 20% hafa lokið námi eftir skyldunám og 3,8% þolenda luku ekki skyldunámi.

Árið 1992 voru 5% þolenda atvinnulausir, 1993 voru þeir 9% en árið 1994 er hlutfallið 7,8%. Eins og taflan sýnir koma þolendur kynferðisofbeldis úr öllum starfsstéttum og menntun þeirra er misjöfn.

Tafla 8 Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað.


	Fjöldi	Hlutf.
Reykjavík	196	37,1%
Kópavogur	11	2,1%
Hafnarfjörður	23	4,4%
Seltjarnarnes	3	0,6%
Garðabær	13	2,5%
Mosfellsbær	1	0,2%
Úti á landi	240	45,5%
Erlendis	41	7,8%
	528	100%

	Fjöldi	Hlutf.
Tóku afstöðu	528	96,2%
Á ekki við	18	3,3%
Óvíst	3	0,5%
	549	100%



Þegar tölur ársins 1994 í töflunum hér að ofan, eru bornar saman við sambærilegar tölur fyrri ára kemur í ljós að árið 1992 hafði ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í 60% tilvika. Sambærileg tala fyrir 1993 er 58,9% en árið 1994 er hlutfallið 46,9%. Árið 1992 hefur ofbeldið átt sér stað úti á landi í 43,7% tilvika, árið 1993 í 36,4% tilvika og 1994 45,5% tilvika. Það sem í töflunni er flokkað úti á landi er bæði þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðislegt ofbeldi er sem sagt hvorki bundið við þéttbýli né dreifbýli, það á sér ekki landfræðileg mörk.

Tafla 9a) Búseta þolenda þegar leitað er til Stígamóta.



Súluritið hér að framan sýnir búsetu þolenda þegar þeir leita til Stígamóta árið 1994. Í töflu 9 b) er gerð grein fyrir búsetu þolenda árin 1992 til 1994 og þá kemur í ljós að um fjórðungur þeirra, sem leituðu á síðast liðnu ári búa utan höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 9b) Búseta; samanburður milli ára.


	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Reykjavík	247	54,4%	204	66,0%	202	58,4%
Kópavogur	45	9,9%	10	3,2%	11	3,2%
Hafnarfjörður	38	8,4%	21	6,8%	30	8,7%
Seltjarnarnes	2	0,4%	1	0,3%	3	0,9%
Garðabær	9	2,0%	6	1,9%	7	2,0%
Mosfellsbær	3	0,7%	9	2,9%	6	1,7%
Öti á landi	105	23,1%	55	17,8%	87	25,1%
Erlendis	5	1,1%	3	1,0%		0,0%
	454	100%	309	100%	346	100%

Tafla 10 Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Eitt skipti	49	14,3%	44	21,4%	32	13,1%
Þrjú mánuði	39	11,4%	18	8,7%	29	11,8%
4 til 6 mánuði	16	4,7%	14	6,8%	9	3,7%
6 til 12 mánuði	26	7,6%	11	5,3%	10	4,1%
Eitt ár	21	6,1%	12	5,8%	16	6,5%
Tvo ár	29	8,5%	21	10,2%	30	12,2%
Þrjú ár	30	8,7%	16	7,8%	23	9,4%
Fjógur ár	34	9,9%	21	10,2%	28	11,4%
Fimm ár	24	7,0%	13	6,3%	13	5,3%
Sex ár	17	5,0%	10	4,9%	10	4,1%
Sjö ár	11	3,2%	8	3,9%	13	5,3%
Átta ár	17	5,0%	5	2,4%	14	5,7%
Níu ár	12	3,5%	4	1,9%	3	1,2%
Tíu ár	3	0,9%	3	1,5%	8	3,3%
Lengur en tíu ár	15	4,4%	6	2,9%	7	2,9%
	343	100%	206	100%	245	100%

Tölurnar um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varúð. Það reynist þolendum oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd, sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar.

Súluritið hér að neðan sýnir hve lengi sífjaspellin stóðu, borið saman eftir árum.




Tafla 11 Hvar átti kynferðislega ofbeldið sér stað, tölurnar eru frá 1994?

	Fjöldi	Hlutf.
Á sameiginlegu heimili	134	40,7%
Á heimili þolanda	87	26,4%
Á heimili ofbeldismanns	181	55,0%
Á vinnustað þolanda	7	2,1%
Á vinnustað ofbeldismanns	21	6,4%
Á víðavangi / á leikvelli	50	15,2%
Annars staðar	84	25,5%
Samtals	329	

	Fjöldi	Hlutf.
Vitað	329	94,8%
Á ekki við	17	4,9%
Óvist	1	0,3%
Samtals	347	100,0%

Af súluritinu á næstu síðu má sjá að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þolanda og ofbeldismanns, á heimili þolandans eða heimili ofbeldismanns. Skýringin á því að "á víðavangi/leikvelli" er ekki sýnd hlutfallstala árið 1992 stafar af því að það ár voru ekki skráðar upplýsingar um þetta efni.

Í súlunum, sem merktar eru "annars staðar" er um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi eða öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina.




Tafla 12a) Sagði þolandi frá ofbeldinu?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	94	27,2%
Nei	252	72,8%
	346	100%

	Fjöldi	Hlutf.
Móður	52	55,3%
Eiginmanni	7	7,4%
Fóður	11	11,7%
Systkyni	10	10,6%
Börnum þolenda	1	1,1%
Öðrum í fjölskyldu	8	8,5%
Vini / vinkonu	29	30,9%
Fagaðila	8	8,5%
Einhverjum öðrum utan fjöls	7	7,4%
	94	

Tafla 12 a) sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu meðan það átti sér stað eða strax eftir að því lauk. Árið 1994 er það ríflega 1/4 hluti, sem það hefur gert. Taflan sýnir einnig hverjum þolandi sagði þá frá, en í ríflega helmingi tilvika var það móðir þolenda.

Tafla 12b) Samanburður milli ára.




Í súluritinu 12 b) er að finna samanburð á þessum þætti milli ára.

Árið 1994 var 76 eða 80,9% þeirra 94 sem sögðu frá trúað. Eins og súluritið ber með sér er það hlutfallslega svipaður fjöldi, sem segir frá ofbeldinu öll árin, en mun fleirum er trúað síðari árin en árið 1992. Árið 1992 er aðeins 57% þeirra, sem sögðu frá trúað en árið 1993 er hlutfallið 83%.

Tafla 13 Hverjum hefur þolandi sagt frá ofbeldinu, þegar leitað er til Stígamóta?

	Fjöldi	Hlutf.
Eiginmanni / sambýlismanni	105	31,2%
Móður	155	46,0%
Fóður	69	20,5%
Systkinum	74	22,0%
Ömmu	11	3,3%
Afa	7	2,1%
Vinum / kunningjum	200	59,3%
Öðrum	72	21,4%
Engum	28	8,3%
	337	


	Fjöldi	Hlutf.
Tóku afstöðu	337	97,4%
Á ekki við	9	2,6%
	346	100%



Taflan sýnir hversu margir og hverjum þolendur hafa sagt frá því ofbeldi, sem þeir hafa orðið fyrir þegar þeir koma til Stígamóta. Í rúmlega 90% tilvika hafa þolendur sagt einhverjum frá, oftast vinkonum/vinum sínum.

Tafla 14 Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis.


Sektarkennd	Fjöldi	Hlutf.
Sektarkennd	322	93,1%
Lélag sjálfsmynd	320	92,5%
Kynlíf erfitt	308	89,0%
Depurð	283	81,8%
Erfiðl. í tenglum við maka/vini	196	56,6%
Einangrun	159	46,0%
Reiði	144	41,6%
Svipmyndir	143	41,3%
Erfitt að einbeita sér	126	36,4%
Ótti	113	32,7%
Tilfinningarlegur doði	108	31,2%
Hegðunarerfiðleikar	96	27,7%
Sjálfsvigshugleiðingar	67	19,4%
Kynferðisleg hegðun (börn)	12	3,5%
Annað	3	0,9%
	346	



Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem þolendur nefna oftast. Í töflunni og súluritinu er getið um "svipmyndir", um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum í huga þolenda og valda miklu hugarangri. Sektarkennd, léleg sjálfsmynd, erfiðleikar í kynlífi og depurð eða þunglyndi eru algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis.


Tafla 15a) Sjálfsvígstíraunir þolenda.

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Já	73	16,0%	44	14,2%	57	16,5%
Nei	383	84,0%	265	85,8%	289	83,5%
	456	100%	309	100%	346	100%



Af þeim þolendum sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 1994, höfðu 57 eða 16,5% gert eina eða fleiri tíraunir til sjálfsvíga. Á súluritinu kemur fram að tæplega þriðjungur þeirra hafði gert slíkar tíraunir ítrekað.


Tafla 15b) Samanburður milli ára.



Í töflu 15 b) er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg borin saman eftir árum. Athygli vekur hversu hlutfallslega svipaðar tölurnar eru milli ára.

Tafla 16 Hvar hafa þolendur leitað aðstoðar þegar þeir koma til Stígamóta?

	Fjöldi	Hlutf.
Barna- og unglingsgeðdeildar	2	0,6%
Unglingaheimilis ríkisins	13	3,8%
Rauða Kross hussins	5	1,4%
Kvennaathvarfsins	7	2,0%
Félagsmálastofnun	6	1,7%
Geðdeildar	16	4,6%
Geðlækna í viðtöl	13	3,8%
Sálfræðinga í viðtöl	48	13,9%
Félagsráðgjafa í viðtöl	14	4,1%
Áfengis- eða vímuefna meðferð	33	9,6%
Annað	27	7,8%
Engin aðstoð	201	58,3%
	345	



Tæplega 42% þeirra, sem leituðu til Stígamóta árið 1994 höfðu áður leitað sér aðstoðar í heilbrigðis- og félagsmálakerfinu. Taflan og súluritið sýna til hvaða aðila hefur verið leitað. Vert er að geta þess að sumir höfðu leitað á fleiri en einn stað.

Árið 1992 höfðu 52,8% leitað aðstoðar annars staðar og árið 1993 40%. Árið 1992 höfðu 60% þeirra sem leituðu aðstoðar annars staðar rætt um það kynferðisofbeldi, sem þau höfðu orðið fyrir við þessa hjálparaðila. 44% þeirra taldi sig hafa mætt neikvæðum viðbrögðum þegar rætt var um ofbeldið.


Árið 1993 höfðu einnig 60% rætt við hjálparaðila um kynferðisofbeldið, af þeim taldi 1/4 sig hafa mætt neikvæðum viðbrögðum þegar rætt var um ofbeldið.

Árið 1994 höfðu tæplega 30% rætt ofbeldið við hjálparaðila. Af þeim taldi 1/3 sig ekki hafa mætt skilningi. Árið 1994 sker sig úr bæði hvað varðar fjölda þeirra sem leitar sér hjálpar annars staðar og að stærri hluti þeirra en fyrra ár mætir ekki skilningi þegar rætt er um ofbeldið. Í ársskýrslu síðasta árs töldum við að tölur þess árs gætu verið vísbending um aukinn skilning fagmanna á hversu alvarlegt kynferðisofbeldi er en niðurstöður frá 1994 kippa, því miður stöðunum undan þeirri ályktun okkar.

Tafla 17a) Tengsl þolenda við ofbeldismenn.

	Fjöldi	Hlutf.
Tóku afstöðu	522	97,2%
Á ekki við	15	2,8%
	537	100%

	Fjöldi	Hlutf.
Faðir	42	8,0%
Móðir	2	0,4%
Stjúpfaðir	32	6,1%
Afi	28	5,4%
Amma	1	0,2%
Bróðir	35	6,7%
Systir	2	0,4%
Frændi	88	16,9%
Frænka	1	0,2%
Vinur/kunningi	199	38,1%
Eiginmaður/sambýlismaður	27	5,2%
Ókunnugir karlar	57	10,9%
Annað	8	1,5%
	522	100%



Í töflu 17 a) kemur fram að 522 ofbeldismenn höfðu beitt þá 346 einstaklinga sem leituðu til Stígamótu árið 1994, kynferðisofbeldi. Af töflunni má því ljóst vera að hluti þolenda hefur verið beittur ofbeldi af hálfu fleiri en eins ofbeldismanns. Súluritið sýnir tengslin milli þolenda og ofbeldismanna og skýra þau sig sjálf. En þó má vekja athygli á því að þeir, sem flokkast undir "vinir/kunningjar" eru til dæmis, hvað börnin snertir, góðir vinir fjölskyldunnar, nágrennar sem hafa samgang við hana, svo og bændur eða aðrir sem börn eru vistuð hjá í sumardvalir eða skammtímafóstur. Í þessum hópi eru einnig vinir og kunningjar, sem hafa nauðgað þolendum.

Tafla 17b) Samanburður milli ára.

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Faðir	86	11,5%	33	6,8%	42	8,0%
Móðir	1	0,1%	0	0,0%	2	0,4%
Stjúpfaðir	45	6,0%	20	4,1%	32	6,1%
Afi	40	5,3%	24	5,0%	28	5,4%
Amma	1	0,1%	0	0,0%	1	0,2%
Bróðir	50	6,7%	43	8,9%	35	6,7%
Systir	1	0,1%	2	0,4%	2	0,4%
Frændi	133	17,7%	85	17,6%	88	16,9%
Frænka	3	0,4%	1	0,2%	1	0,2%
Vinur/kunningi	264	35,2%	161	33,3%	199	38,1%
Vinkona	2	0,3%	2	0,4%	0	0,0%
Eiginmaður/sambylismaður	42	5,6%	34	7,0%	27	5,2%
Ókunnugir karlar	83	11,1%	78	16,1%	57	10,9%
Annað	0	0,0%	0	0,0%	8	1,5%
	751	100%	483	100%	522	100%

Sifjaspell

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Faðir	86	11,5%	33	6,8%	42	8,0%
Móðir	1	0,1%	0	0,0%	2	0,4%
Stjúpfaðir	45	6,0%	20	4,1%	32	6,1%
Afi	40	5,3%	24	5,0%	28	5,4%
Amma	1	0,1%	0	0,0%	1	0,2%
Bróðir	50	6,7%	43	8,9%	35	6,7%
Systir	1	0,1%	2	0,4%	2	0,4%
Frændi	122	16,2%	85	17,6%	88	16,9%
Frænka	3	0,4%	1	0,2%	1	0,2%
Vinur/kunningi	122	16,2%	81	16,8%	133	25,5%
Vinkona	2	0,3%	2	0,4%	0	0,0%
Eiginmaður/sambylismaður	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Ókunnugir karlar	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Annað	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	473	63%	291	60%	364	70%

Nauðgun

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Faðir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Móðir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Stjúpfaðir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Afi	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Amma	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Bróðir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Systir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Frændi	11	1,5%	0	0,0%	0	0,0%
Frænka	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Vinur/kunningi	142	18,9%	80	16,6%	74	14,2%
Vinkona	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Eiginmaður/sambylismaður	42	5,6%	34	7,0%	27	5,2%
Ókunnugir karlar	83	11,1%	78	16,1%	57	10,9%
Annað	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	278	37%	192	40%	158	30%

Í töflu 17 b) hér að framan eru tengsl þolenda við ofbeldismennina síðast liðin 3 ár borin saman. Eina talan sem þar sker sig úr milli ára er hópurinn ókunnugir karlar. Hlutfall þeirra er hæst árið 1993, 16,1%. Töflurnar sýna einnig samanburð á tengslum eftir árum, miðað við sífjaspell annars vegar og nauðganir hins vegar.


Sé litið á hlutfall ókunnugra sem beitt hafa kynferðisofbeldi kemur í ljós að þeir eru 11,1% árið 1992, 16,1% árið 1993 og 10,9% árið 1994. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Töflurnar bera einnig með sér að nauðganir eiginmanna/sambýlismanna eru ekki óalgengar. Árið 1992 hafa 42 konur orðið fyrir slíku ofbeldi, árið 1993 eru þær 34 og árið 1994 eru þær 27.

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn.

Tafla 18 Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra.

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Karlar	776	98,7%	478	99,0%	515	98,7%
Konur	10	1,3%	5	1,0%	7	1,3%
	786	100%	483	100%	522	100%



Mikið hefur verið um það rætt hvort kynferðisofbeldi sé alfarið kynbundið ofbeldi, það er hvort það séu fyrst og fremst karlar, sem beiti konur og börn ofbeldi. Í töflunni og súluritinu hér að ofan kemur í ljós að það eru nánast alfarið karlar sem að hafa beitt þá þolendur kynferðisofbeldi, sem til Stígamóta leita.

Tölulegar upplýsingar um félagslega stöðu ofbeldismanna.

Tafla 19 Aldur ofbeldismanna.

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
1-10 ára	23	2,9%	2	0,4%	3	0,6%
10-16 ára	62	7,9%	69	14,3%	80	15,3%
17-19 ára	115	14,6%	53	11,0%	64	12,3%
20-29 ára	164	20,9%	100	20,7%	98	18,8%
30-39 ára	172	21,9%	113	23,4%	107	20,5%
40-49 ára	91	11,6%	55	11,4%	55	10,5%
50-59 ára	39	5,0%	27	5,6%	30	5,7%
60 og eldri	25	3,2%	24	5,0%	44	8,4%
Óvíst	95	12,1%	40	8,3%	41	7,9%
	786	100%	483	100%	522	100%

Taflan um aldur ofbeldismanna hér að ofan sýnir að ofbeldismennirnir eru á öllum aldri. Í 10,8% til 15,9% tilvika eru ofbeldismennirnir 16 ára og yngri. Það virðist því næsta algengt að ungir drengir beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "læknisleiki" barna. Þolendur ofbeldisins upplifa það sem ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri.

Tafla 20 Menntun ofbeldismanna.

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Er í skyldunámi	33	4,2%	71	14,7%	23	4,4%
Er í framhaldsnámi	9	1,1%	32	6,6%	21	4,0%
Er í háskólanámi	6	0,8%	4	0,8%	2	0,4%
Lokið skyldunámi	179	22,8%	263	54,5%	289	55,4%
Lokið menntaskóla	30	3,8%	42	8,7%	59	11,3%
Lokið háskólanámi	23	2,9%	21	4,3%	16	3,1%
Lokið öðru sérnámi	56	7,1%	33	6,8%	31	5,9%
Óvíst	450	57,3%	17	3,5%	81	15,5%
	786	100%	483	100%	522	100%

Tafla 20 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi. Árið 1992 eru 6,1% þeirra í námi þegar þeir fremja ofbeldið, árið 1993 er sambærileg tala 22,1% og árið 1994 eru 8,8% við nám. 13,8% ofbeldismanna hafa lokið einhverju námi eftir skyldunám árið 1992, árið 1993 er hlutfallið 19,8% og 1994 er það 20,3%.

Tafla 21 Atvinna ofbeldismanna.


	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Afgreiðslu- / skrifstofustörf	12	3,0%	13	3,7%	29	6,7%
Atvinnulaus	6	1,5%	12	3,5%	13	3,0%
Atvinnurekandi	31	7,8%	13	3,7%	26	6,0%
Bifreiðastjóri	23	5,8%	13	3,7%	19	4,4%
Bóndi	34	8,5%	19	5,5%	34	7,9%
Þyra- / sundlaugavörður	9	2,3%	6	1,7%	5	1,2%
Ellilífeyrirþegi	7	1,8%	6	1,7%	7	1,6%
Hermaður	3	0,8%	6	1,7%	2	0,5%
Húsmóðir		0,0%		0,0%	1	0,2%
Iðnaðarmaður	51	12,8%	29	8,4%	15	3,5%
Kennari	12	3,0%	12	3,5%	8	1,9%
Leikari	0	0,0%	1	0,3%	3	0,7%
Listamaður		0,0%		0,0%	3	0,7%
Lögreglumaður	3	0,8%	4	1,2%	1	0,2%
Nemandi	86	21,6%	93	26,8%	102	23,6%
Sérfræðingur	19	4,8%	15	4,3%	6	1,4%
Sjónamaður	31	7,8%	35	10,1%	53	12,3%
Uppeldisstörf		0,0%		0,0%	2	0,5%
Verkamaður	64	16,1%	69	19,9%	93	21,5%
Öryrki	7	1,8%	1	0,3%	10	2,3%
	398	100%	347	100%	432	100%

Tafla 21 um atvinnu ofbeldismanna sýnir einnig að atvinna þeirra, sem tekist hefur að fá upplýsingar um, þegar þeir frömdu ofbeldið, er afar mismunandi. Það er því óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir séu á öllum aldri, hafi mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir komi úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

Tafla 22 Hjúskaparstaða ofbeldismanna.

	Fjöldi	Hlutf.
Einhleypur	184	40,4%
Í sambúð	36	7,9%
Giftur	160	35,2%
Var að skilja	3	0,7%
Fráskilinn	21	4,6%
Ekill	8	1,8%
Barn innan 16 ára	43	9,5%
	455	100%


	Fjöldi	Hlutf.
Vitað um	455	87,2%
EKKI vitað	67	12,8%
Fj. ofbeldismanna	522	100%



Tafla 23 Börn ofbeldismanna.

	Fjöldi	Hlutf.
Já	245	46,9%
Nei	136	26,1%
Ekki vitað	141	27,0%
	522	100%

Á ofbeldismaður börn



Í töflunum er miðað við hjúskaparstöðu og barnafjölda þegar ofbeldið er framið. Rúmlega helmingur þeirra eru eða hafa verið í hjúskap þegar þeir fremja ofbeldið og tæplega helmingur þeirra á börn. Hlutfallið er svipað milli ára.

Tafla 24 Hafa ofbeldismenn einnig beitt aðra ofbeldi?

Sifjaspell

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Já	173	22,0%	59	12,2%	89	17,0%
Nei	613	78,0%	424	87,8%	433	83,0%
	786	100%	483	100%	522	100%

Nauðgun

	1992		1993		1994	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Já	31	3,9%	14	2,9%	12	2,3%
Nei	755	96,1%	469	97,1%	510	97,7%
	786	100%	483	100%	522	100%

Í töflunum hér að ofan kemur fram hversu margir ofbeldismannanna hafa beitt aðra sifjaspellum eða nauðgunum, svo vitað sé, hvort tveggja flokkað eftir árum. Þessar tölur byggjast á því að þolendur hafa fengið vitneskju um önnur börn í fjölskyldunni, sem sami ofbeldismaður beitti kynferðisofbeldi, þegar málin eru opnuð og rædd innan fjölskyldunnar. Fram að þeim tíma er þetta ofbeldi, eins og megnið af kynferðisofbeldi, vel falið.

